

Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH

Útgáfa 2020

Kafli 4

**Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í
aldursflokkum**



Efnisyfirlit

4	Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum	3
4.1	Aldursflokkaskipting	3
4.2	Styrkleikaskipting fullorðinsflokks	3

4 Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum

4.1 Aldursflokkaskipting

Keppendum í hestaíþróttum er skipt í eftirfarandi aldursflokka og miðast aldur við almanaksárið, þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Keppnisgreinar hvers aldursflokks eru sem hér segir:

Pollar (9 ára á árinu eða yngri)¹

Börn (10 - 13 ára á keppnisárinu): T1/T3 tölt, V1/V2 fjórgangur, fimi A og hindrunarstökk.

Aldurstakmörk fyrir barnaflokk eru bindandi, þ.e. þótt ekki sé boðið upp á pollaflokk mega yngri knapar ekki keppa í barnaflokki.

Unglingar (14 - 17 ára á keppnisárinu): T1/T3 tölt, T2/T4 tölt, V1/V2 fjórgangur, F1/F2 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, 100 m skeið P2, fimi A og hindrunarstökk.

Ungmenn (18 - 21 ára á keppnisárinu): T1/T3 tölt, T2/T4 tölt, V1/V2 fjórgangur, F1/F2 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, P2 100m skeið, fimi A2 og hindrunarstökk.

Fullorðinsflokkur: T1/T3 tölt, T2/T4 tölt, V1/V2 fjórgangur, F1/F2 fimmgangur, PP1 gæðingaskeið, P3 150 m, P1 250 m. skeið, P2 100 m skeið, FS1 og hindrunarstökk.

Að auki má í öllum aldursflokkum keppa í fleiri greinum tölts og fjórgangs svo sem V4, V5, T7, T8 sem boðið er upp á í reglupakkanum. Og í unglingaflokki og eldri í öllum greinum fjórgangs, tölts og fimmgangs.

Þátttökuréttur í hlaupagreinum sem ræstar eru úr kyrrstöðu skal við miðast við að knapi verði að lágmarki 14 ára á árinu. Keppandi sem ekki hefur náð 16 ára aldri skal framvísa skriflegu leyfi foreldris/forráðamanns.

4.2 Styrkleikaskipting fullorðinsflokks²

3. flokkur: Hugsaður fyrir algera byrjendur og minna vana áhugamenn. Hámark 3 keppendur inn á vellinum í einu. Keppt skal í V5 og T7, T8 og öðrum léttari keppnisgreinum. Þegar keppnisparið hefur komist í A úrslit á þremur mótum í þessum flokki telst hann ekki lengur byrjandi eða minna vanur áhugamaður og keppir á næsta móti í 2. flokki.

2. flokkur: Hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk. Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu. Til dæmis T3, T4, V2 og F2. Fyrir þennan flokk má nota venjulegar greinar og einnig léttari keppnisgreinar fyrir minna vant keppnisfólk sem finna má í kafla um keppnisgreinar. Til dæmis T7 og V5 fyrir þá sem ekki keppa fyrirtöldum greinum.

1. flokkur: Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu svo sem greinum T3, T4, V2 og F2 og fleirum.

¹ Breytt á landsþingi LH 2018

² Breytt á landsþingi LH 2018

Meistaraflokkur: Í meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1 sem og fleiri greinar. Þar mega allir taka þátt og er hann hugsaður fyrir reynt keppnisfólk.

Keppandi má einungis keppa í einum flokki, þ.e. 3. flokki, 2. flokki, 1. flokki eða meistaraflokki á sama móti.

Rísi ágreiningur um flokkaskiptingu keppenda, hefur mótsstjórn úrskurðarvald.

Keppendum í yngri flokkum er heimilt að keppa í næsta aldursflokki fyrir ofan sinn flokk, sé ekki boðið upp á viðkomandi keppnisgrein í þeirra flokki. Þó er þar sú undantekning gerð að börn 9 ára eða yngri mega ekki keppa í barnaflokki.